

# 1

## Biblían færir sálinni frið

Biblían er merkileg bók. Hún er mest selda bókin í heiminum. Hún var skrifuð á 1500 árum af yfir 40 höfundum. Hún samanstendur af 66 bókum. Áreiðanleika hennar sem orð Guðs er hægt að styðja á þrjá vegu.

**Fornleifafræðin:** Margir fornleifafundir staðfesta Biblíuna. Árið 1948 fann t.d. ungur fjárhirðir hluta af upprunalegum skinnhandritum af öllu Gamla testamentinu (að Esterarbók undanskilinni) í gömlum leirkrukkum í helli í Mið-Austurlöndum. Þetta eru kölluð Dauðahafshandritin. Árið 1984 fann fornleifafræðingur gröf Kaífasar æðstaprests sem dæmdi Jesú til dauða á krossi. Babýlon, forna borgin sem Biblían talar oft um í Gamla testamentinu, var grafin upp fyrir nokkrum árum í Írak. Reyndar eru hlutar af upprunalegum hliðum borgarinnar á Austurlandasafninu (Oriental museum) í Chicago.

**Spádómar:** Allir spádómar Biblíunnar hafa ræst hingað til. 2. kafli Daníelsbókar fjallar sérstaklega um hvaða þjóðir mundu ríkja á jörðunni þar til Kristur kæmi og sagan staðfestir yfirráð þessara þjóða.

Gull	Babýlon	605 f.Kr.-539 f.Kr.	Nebúkadnesar konungur
Silfur	Medar og Persar	539 f.Kr.-331 f.Kr.	Innrás Daríusar konungs meðan á veisluhöldum stóð
Eir	Grikkland	331 f.Kr.-168 f.Kr.	Alexander mikli
Járn	Róm	168 f.Kr.-351 e.Kr.	Ríkti á tíma Jesú

**Umbreyting:** Í Biblíunni er gefið til kynna yfir 3000 sinnum að hún sé innblásin af Guði. Og stærsta sönnun þess er e.t.v. hvernig hún umbreytir lífi manna.

### **Hver er tilgangur allra ritninganna?**

Jóhannes 5.39; 15.15; 2 Mósebók 33.11; Jakobsbréf 2.23; Jeremía 9.23-24; Filippíbréfið 3.10

---

**Er við kynnumst Biblíunni lærum við að það þarf að fylgja ákveðnum meginreglum við að rannsaka Guðs orð. Hér eru þrjár:**

**1. Bið um visku.** Jóhannes 16.13; 1 Korintubríf 2.14\_\_\_\_\_

---

*Ath. „Andlegir hlutir skiljast fyrir Anda Guðs.“ Án leiðsagnar Anda Guðs getum við ekki skilið merkingu Ritninganna á sama hátt og einhver getur ekki skilið ókunnugt tungumál án þýðanda. Bið að Heilagur Andi gefi þér skilning og þú munt finna dýpri merkingu en þú getur ímyndað þér.*

2. Berðu saman skyldar ritningagreinar. Lúkas 24.25-27

---

*Ath. Jesús gaf okkur fordæmi þegar hann rannsakaði ritningarnar með lærisveinum sínum „og útlagði fyrir þeim það, sem um hann er [sagt] í öllum ritningunum.“ Eins og í púsluspili þá þurfum við að finna öll brotin til þess að sjá alla myndina. Við þurfum að lesa allt sem Biblían hefur að segja um ákveðið efni en ekki bara eitt og eitt vers hér og þar.*

3. Opinn hugur og vilji til að hlýða. Jeremía 29.13

---

*Ath. Guð mun ekki opinbera sjálfan sig fyrir þeim sem lesa Biblíuna einungis til að sanna eitthvað atriði eða bara fyrir forvitnis sakir. Við finnum hann þegar við leitum hans af einlægni til þess að þekkja vilja hans.*

**Hve mörg okkar eru virkilega ánægð með lífið? Frá því að við fæddumst erum við aldrei fullnægð. Hið innra með okkur er ávallt löngun í eitthvað meira...**

*„Í hverju hjarta er tómarúm, mótað af Guði, sem aðeins Guð getur fyllt fyrir Son sinn Jesú Krist.“*

*Blaise Pascal.*

*„Guð bjó okkur til, fann okkur upp eins og maður finnur upp vél. Bíll er gerður til að ganga fyrir bensíni og hann gengur ekki almennilega á neinu öðru. Guð hinsvegar hannaði mennska vél. Hann sjálfur er orkugjafinn sem andi okkar er hannaður til að nærast á. Það er enginn annar. Guð getur ekki gefið hamingju og frið án sín.“*

*C. S. Lewis, Mere Christianity, bls. 90.*

**Við fæðumst með tómarúm í hjartanu. Við reynum að fylla þetta tómarúm í lífi okkar með margs konar hlutum: peningum, samböndum, valdi, alkóhóli, efnishyggju. En við uppgötvaum fljótlega að þetta veitir okkur ekki lífsfyllingu. Það er eins og að reyna að setja ferkantaðan kubb í kringlótt gat. Það mun aldrei passa! Það eina sem sannarlega veitir okkur lífsfyllingu er sérstakt samband við Guð alheimsins. Ekkert annað!**

4. Hverju lofar Jesús öllum þeim sem koma til Hans? Matteus 11.28-30

---

5. Hvað vill Jesús gefa okkur? Jóhannes 14.27

---

6. Hvað vill Jesús að við gerum? Filippíbréfið 4.6-7

---

7. Hvernig gefur Jesús okkur sinn frið? Kólossubréfið 1.20

---

8. Hvers vegna er Jesús svona mikilvægur? Jóhannes 3.16-18; 6.40; Jóhannes 11.25- 26; 20.31

---

*Samantekt: Frelsun er ekki hlutur sem við fáum. Frelsun er persóna. Og þegar þú kynnist honum mun allt líf þitt breytast!*

*Af þessari ástæðu munum við verja næstu verkefnum í að kynnast honum betur.*

# Svör við nr. 1

Tilgangur ritninganna er að þekkja Guð sem vin.

Spurning 1 – Biðja um leiðsögn Heilags Anda áður en lesið er í Biblíunni

Spurning 2 – Lestu allt sem Biblían segir um ákveðið efni

Spurning 3 – Vertu með auðmjúkt og opið hjarta

Spurning 4 – Hvíld

Spurning 5 – Sinn frið

Spurning 6 – Biðja og segja honum frá áhyggjum okkar

Spurning 7 – Fyrir dauða sinn á krossinum

Spurning 8 – Frelsun fæst aðeins fyrir Jesú Krist